

Vestmannaeyjabær ítrekar fyrri umsögn bæjaryfirvalda um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun. Tekið er undir meginmarkmið frumvarpsins, en ekki er að sjá að áhersla á nýsköpun á landsbyggðinni fái umfjöllun í meginefni frumvarpsins. Frumvarpið gengur að mestu út á stofnun tækniseturs, en aðeins er fjallað um nýsköpun á landsbyggðinni í greinargerð með frumvarpinu. Til viðbótar við tillögur um endurbætur á frumvarpinu í fyrri umsögn Vestmannaeyjabæjar, er lagt til að ákvæðum um verkefnasjóð um nýsköpun á landsbyggðinni og umgjörð um stafrænar smiðjur verði komið fyrir í meginefni frumvarpsins.

Bæjarráð Vestmannaeyja

30. nóvember 2020.

Fyrri umsögn Vestmannaeyjabæjar um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun

Tekið er undir það meginmarkmið nýs frumvarps til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, að styrkja opinberan stuðning við nýsköpun þannig að hlutverk og aðkoma ríkisins sé vel afmörkuð og sé í sterkum tengslum við bæði háskólasamfélag og atvinnulíf. Sérstaklega er tekið undir það markmið að styðja betur við nýsköpunarstarf á landsbyggðinni. Hins vegar mætti útfæra nánar þann hluta frumvarpsins. Við lestur frumvarpsins er erfitt að átta sig á hvers eðlis og umfang verkefna og fjármagns verða á landsbyggðinni. Í frumvarpinu er kveðið á um að framlög til áherslna á nýsköpun á landsbyggðinni verði aukin í samvinnu við sveitarfélög, landshlutasamtök, atvinnulíf og þekkingarsamfélög á staðnum. Mikilvægt er að þessi hluti frumvarpsins sé betur skýrður þannig að sveitarfélög, staðbundin þekkingarsamfélög og atvinnulíf átti sig betur á, í hverju slíkur stuðningur er fólgin. Sum sveitarfélög eru komin áleiðis með hugmyndir um uppbyggingu staðbundins nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs, en eðlilegt er að þær einingar fái betri mynd af aðkomu ríkisins og umfangi fjármagns til einstakra eininga.

Í tl. 3.2.1 í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar verði áfram unnið ötullega að opinberum stuðningi í öllum landshlutum, þ.á.m. fræðslu og þjálfun í nýsköpun í skólakerfinu og samstarf við Vinnuálastofnun um aðstoð við einstaklinga í atvinnuleit. Þá er fjallað um að stjórnslu nýsköpunar verði eflað í ráðuneytinu og áhersla lögð á að efla og þétta stuðningsnet nýsköpunar á landsvísi á forsendum landshlutanna sjálfra. Stutt verði við framtak aðila sem bjóða fram þjálfun, námskeið og vinnustofur á sviði nýsköpunar. Jafnframt er fjallað um að settur verði á fót verkefnasjóður fyrir nýsköpun í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og sóknaráætlanir landshluta. Loks er fjallað um að unnið verði að sterkari umgjörð fyrir starfsemi stafrænna smiðja sem byggir á samvinnu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnulífs. Í þessu samhengi er tekið undir megintilgang frumvarpsins um að efla nýsköpun á landsbyggðinni, en bent á mikilvægi þess að tilgreina hvers konar starfsemi eða verkefni hægt verði að búast við að studd verði með fjárframlögum og öðrum hætti.

Mikilvægt er að einstök sveitarfélög, eða samstarf sveitarfélags, atvinnulífs og stofnana, fái aðstoð við að byggja upp og reka, a.m.k. tímabundið, starfsemi nýsköpunar-, frumkvöðla- og rannsóknarverkefna. Ekki er fjallað um í frumvarpinu, né greinargerð, hvort stofnkostnaður eða rekstur miðstöðva um nýsköpun, frumkvöðla og rannsóknarverkefna í einstökum sveitarfélögum séu styrkt með einhverjum hætti. Hætt er við að lítið verði af nýsköpunarverkefnum í litlum samfélögum án slíkrar starfsemi.

Ekki er fjallað sérstaklega um með hvaða hætti reka eigi stafrænar smiðjur (*e. fab-labs*) í framtíðinni, en mótuð verði umgjörð um slíka starfsemi í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mikilvægt er að ekki verði rof í starfsemi stafrænna smiðja við gildistöku laganna þann 1. janúar 2021. Slík starfsemi er að mörgu leyti nauðsynleg til að efla þekkingu ungs fólks og stuðla að aukinni nýsköpun meðal ungu kynslóðarinnar.

Að þessu sögðu er lögð fram jákvæð umsögn um megintilgang frumvarpsins, en lagt er til að sá hluti frumvarpsins sem snýr að eflingu nýsköpunar á landsbyggðinni og áframhaldandi starfsemi stafrænna smiðja verði útfærður betur í lögnum. Vestmannaeyjabær er langt komin með útfærslu uppbyggingar um þróun starfsemi nýsköpunar í sveitarfélaginu og vonast til að hægt verði að skýra aðkomu ríkisins að slíkri nýsköpunarstarfsemi sem allra fyrst.